


Ágúst Petersen á Kjarvalsstöðum

Myndlistarunnendur hafa verið tiltölulega heppnir í haust, segja má að hver stórviðburðurinn hafi rekið annan, og það er komin upp ný staða áður en maður veit af. Myndþreytan frá því í vor er horfin, og maður er kominn í vetrarskap, því maður veit að veturinn boðar ekki aðeins snjó og kulda, heldur upp á margt annað, bækur, leikhús og myndlist, og því er gott að hafa einhvern farangur í fyrsta áfanganum.

Fyrstir riðu á vaðið septembermenn með Ejler Bille í fararbroddi, en hann var í hópi þeirra er umbyltu myndlistinni á Norðurlöndum, bæði með höggmyndum sínum og málverkum, og kannske ekki síst með hinum skarpa penna sínum, sem risti sundur hið akademiska samtryggingakerfi, sem gilti í myndlistinni á Norðurlöndum á árunum fyrir stríð.

Þá kom yfirlitssýning á verkum Snorra Arinbjarnar, sem er mikill viðburður, vegna þess hve myndir hans eru nú fáséðar flesta daga.

Sýning FÍM var að vísu heldur tilþrifalítil, en góð samt, og nú hefur Ágúst Petersen opnað stóra sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem hann sýnir á annað hundrað verk, nánar til tekið 117 myndir.

Ágúst Petersen

Ágúst Petersen hefur um margra ára skeið verið í hópi okkar bestu málara, en hann er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1908 og verður því — eða varð sjötugur á þessu ári, en þess er hvergi getið að þetta sé afmælissýning, þó hún sé það.

Ágúst er Vestmannaeyingur, en það er alþekkt að menn fá góð augu af því að búa á eyjum, sér í lagi ef þær eru litlar. Málverkið er heimur — lítill heimur og það er eyjan líka, en með þessu er þó ekki átt við að menn verði sérvitrir undir bergveggnum, heldur hitt, að það virðist hjálpa til við myndlist og aðrar listir. Til dæmis er það með ólíkindum hvað Færeyingar eiga marga góða málara og rithöfunda.

Liðveisla Vestmannaeyinga við myndlistina er líka stór og nægir að nefna Júlíönu Sveinsdóttur, Sverri Haraldsson og Svein Björnsson því til sönnunar. Þetta fólk slítur sig úr fuglabjörgum og byrjar að bæta við sig heimslistina.

Styrkleiki Ágústar Petersen, sem málara er líklega fyrst og fremst hæfileikinn til einföldunar. Hann segir mikið með fáum orðum og lætur líka mikið ósagt, áhorfandanum til umhugsunar. Litir eru ótrúlega finlegir og blæbrigðarikir. Hann reynir ekki að ganga í augun á áhorfendum, hann segir hlutina aðeins eins og þeir eru, án umbúnaðar.

Andlit og umhverfi

Skipta má verkum Ágústar Petersen í tvo megin flokka: Umhverfið og Maðurinn. Hann vinnur portret myndirnar þannig að þær eru fyrst og fremst málverk en persónan sjálf gleymist ekki. Við þekkjum sum þessi andlit, því þau hæfa oftast sálinni og ef við skoðum landslagsmyndir og myndir frá hafinu sjáum við að það sama er uppi á teningnum. Eðli þessa lands skipar viðlíka sess og form þess og litur.

Ágúst Petersen hefur skapað sér persónulegan listheim.

Hann étur úr eigin poka. Ef menn vilja sanna skyldleika, þá minna sum verka hans dálítið á verk Júlíönnu Sveinsdóttur, sem sá Vestmannaeyjar með svipuðum augum og hann gerir.

Þú horfist í augu við bergið myndin horfir ekki minna á þig en þú á hana og hafið kyrjar sinn voðasöng og andardráttur þess er bæði þungur og óreglulegur.

Málarinn hefur tileinkað sér sérstök vinnubrögð við vitum að þetta er ekki tóm hagmælska: vitum að honum er ekki létt um að yrkja. Hann brýtur til mergjar og krefur þetta land sagna.

Aðalsteinn Ingólfsson lýsir vinnubrögðum hans á þennan hátt í sýningarskrá:

„Það er lærdómsríkt að fylgjast með glímu hans við málverkið frá viku til viku. Ágúst vinnur venjulega við mörg málverk í senn breytir og endurskoðar í sífellu. Einn daginn er hann í öngum sínum yfir gómstórum bletti í horni landslagsmyndar. Hann er einhvern veginn ekki „réttur" — rímar ekki. Málarinn nýr saman höndum og hristir höfuðið á sinn sérstaka hátt. Viku síðar er Ágúst enn með áhyggjur af sama blettinum, þótt hann hafi nú stækkað og liturinn dökknað ögn. Þó þarf æft auga til að sjá breytinguna. Næstu helgi er vandinn leystur, — bletturinn hefur aftur minnkað og tekið á sig annað blæbrigði. Málarinn leikur nú við hvern sinn fingur hleypur fram og aftur um vinnustofuna og veifar pípunni ótt.

Einhver mundi eflaust flokka þetta undir smámunasemi en slíkt orð á ekki við þegar áhorfandinn sér þá alvöru og þá innilegu gleði sem fylgir „réttu" lausninni. Myndlistarmenn eiga gjarnan í erfiðleikum með að tjá sig um það hvenær þeim sé ljóst að mynd sé lokið. Hvað Ágúst snertir skýrir hann greiðlega frá því að myndir hans séu „réttar" ef þær samsvari ákveðinni innlifun sem hann hefur andspænis viðfangsefninu. Vandinn er sá að skilgreina tilfinningar fremur en landslag eða eitthvað sjáanlegt og það eru tilfinningarnar sem knýja hann til stöðugra endurskoðana á verkum. Efinn læðist að honum aftur og aftur en svo allt í einu segir myndin stopp. Að skrásetja landslag eða fólk á striga finnst honum fánýt iðja. Sjálfur lýkur hann myndum eftir minni heima í vinnustofunni."

Vinnubrögð af þessu tagi hljóta menn að taka alvarlega. Við þetta er svo ekki öðru að bæta en því að við hvetjum listvini og aðra til þess að skoða þessa einstæðu sýningu en henni lýkur 15. október, á afmælisdegi Kjarvals.

Jónas Guðmundsson



fólk í listum

Félagið Ísland — DDR
Gesellschaft Ísland - DDR

minnist 29. **Þjóðhátíðardags** þýska alþýðulýðveldisins með samkomu að Lækjarhvammi, Hótel Sögu, föstudaginn 6. október 1978 kl. 20.30.

Dagskrá:
1) Ávarp
2) Skemmtiatriði
3) Dans

Allir velkomnir
Stjórnin

Styrkir til háskólanáms í Sambandslýðveldinu Þýskalandi

Þýska sendiráðið í Reykjavík hefur tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að boðnir séu fram þrír styrkir handa íslenskum námsmönnum til háskólanáms í Sambandslýðveldinu Þýskalandi háskólaárið 1979-80. Styrkirnir nema 650 þýskum mörkum á mánuði hið lægsta auk 100 marka á námsmisseri til bókakaupa en auk þess eru styrkþegar undanþegnir skólagjöldum og fá ferðakostnað greiddan að nokkru. Styrktímabilið er 10 mánuðir frá 1. október 1979 að telja en framlenging kemur til greina að fullnægðum ákveðnum silyrðum.
Umsækjendur skulu eigi vera eldri en 32 ára. Þeir skulu hafa lokið a.m.k. tveggja ára háskólanámi.
Umsóknir, ásamt tilskildum fylgigögnum, skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 1. nóvember n.k. — Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið
3. október 1978.

Styrkir til íslenskra vísindamanna til námsdvalar og rannsóknastarfa í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Þýska sendiráðið í Reykjavík hefur tjáð íslenskum stjórnvöldum að boðnir séu fram nokkrir styrkir handa íslenskum vísindamönnum til námsdvalar og rannsóknastarfa í Sambandslýðveldinu Þýskalandi um allt að fjögurra mánaða skeið á árinu 1979. Styrkirnir nema 1200 þýskum mörkum á mánuði hið lægsta, auk þess sem til greina kemur að greiddur verði ferðakostnaður að nokkru.
Umsóknum um styrki þessa skal komið til menntamálaráðuneytisins, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 1. nóvember n.k. — Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið
3. október 1978.

Styrkir til að sækja þýskunámskeið í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Þýska sendiráðið í Reykjavíkur hefur tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að boðnir séu fram þrír styrkir til handa íslenskum stúdentum til að sækja tveggja mánaða þýskunámskeið í Sambandslýðveldinu Þýskalandi á vegum Goethe-stofnunarinnar á tímabilinu júní — október 1979. Styrkirnir taka til dvalarkostnaðar og kennslugjalda, auk 600 marka ferðastyrks. Umsækjendur skulu vera á aldrinum 19-32 ára og hafa lokið a.m.k. tveggja ára háskólanámi. Þeir skulu hafa góða undirstöðukunnáttu í þýskri tungu.
Umsóknum um styrki þessa skal komið til menntamálaráðuneytisins, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 1. nóvember n.k. Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið
3. október 1978.

Bændur Sunnanlands
Athugið

Erum 15 hraustir karlar sem viljum taka upp gulrófur upp á hlut.
Upplýsingar í síma 50421 og 52444.

Lionsklúbburinn Ásbjörn Hafnarfirði.